

Skólaráðsfundur 20. mars 2019

Fundinn sátu: Valborg Hjálmarsdóttir, Þ. Sandra Magnúsdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Jósef Ásgeirsson, Una Karen Guðmundsdóttir, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Skóladagatal.

Skóladagatal 2019-2020 kynnt. Nokkrar breytingar hafa orðið síðan skóladagatalið fór fyrir skólaráð síðast. Skólastarf hefst með fræðsludegi 15. ágúst. Gert er ráð fyrir skólasetningu 23. ágúst og skólaslitum 28. maí. Viðtalsdagar verða 12. september og 21. janúar. Rætt um jólaleyfi, en möguleiki er á að jólaleyfi hefjist 20. desember og skólastarf byrji að nýju föstudaginn 3. janúar. Hinn möguleikinn er að 20. desember sé skóladagur og skólastarf hefjist að nýju mánudaginn 6. janúar. Leyst fundarmönnum vel á fyrri tilhögunina.

Úttekt á Árskóla.

Skýrslan er ekki komin, en starfsmenn eru búnir að fá kynningu. Unnið er að athugasemdum frá skólanum.

Mötuneyti.

Í athugun eru hugsanlegar breytingar á skólaeldhúsi frá móttökueldhúsi í fullbúið eldhús. Ef af verður þarf að gera heilmiklar breytingar á eldhúsinu.

Önnur mál.

Fyrirspurn um lýsingu á körfuboltavöllinn, vegna notkunar á kvöldin. Engin lýsing er á vellinum þ.a. hann nýtist illa á kvöldin yfir dimmasta tímann.

Næsti fundur skólaráðs er fyrirhugaður 10. apríl.